



29.12.2025

Hrannarstígur


Endurnýjun á gangstéttum og ljósastaurum ásamt uppbyggingu á götuprengingum með blágrænum beðum.

Framkvæmd í undirbúningi - áætluð verklok haust 2026



ICEWATER verkefnið
er samfjármagnað
af Evrópusambandinu





Upplýsingar um framkvæmd:


Endurnýjun á gangstéttum og ljósastaurum, og blágræn beð með götubrengingum sett upp. Verksvæði er í Hrannarstíg frá gatnamótum Fagurhóls að Sögumiðstöð eða við hús 8-14. Hönnun er lokið og áætlað er að setja verkið í verðkönnun/útboð snemma vors 2026. Húseigendur fengu sent bréf heim í nóvember 2025 þar sem verkefnið var kynnt og þeir fengu tækifæri til að koma með athugasemdir.

Markmið

Brenging í götu er sett til þess að hægja á umferð sem er gert í takt við aðalskipulag þar sem fjallað er um „[Gönguvænan Grundarfjörður](#)“. Gróðureyjur eru hluti af verkefninu um blágrænar ofanvatnslausnir og getur ofanvatn runnið greiðlega ofan í beðin af gangstétt. Þaðan kemst ofanvatnið beint niður í jarðvegin og léttir þar af leiðandi á fráveitukerfinu. Síðar verða stærri regnbeð sett hinu megin í götuna. Frágangur á hornum og könnum sérstaklega hugsuð með snjómokstur í huga en blágræn beð eru einnig nýtt sem snjósöfnunarsvæði ef þess þarf.


BED H

- rr • BURNIRÓT
Artemisia vulgaris
- ca • FJALLAKORNBLÓM
Calluna montana
- vo • GARDABRÚDA
Geranium officinale
- lm • PRESTABRÁ
Leucanthemum vulgare
- ct • VÖLSKUEYRA
Cirsium lanceolatum



BED I

- cl • BLÁFÍFILL
Campanula medium
- rr • BURNIRÓT
Artemisia vulgaris
- ca • FJALLAKORNBLÓM
Calluna montana
- vo • GARDABRÚDA
Geranium officinale
- am • GARDAMARIJÚSTAKKUR
Alchemilla montana
- rl • HÉLURÍFS
Helianthus annuus
- tc • (HROKKID)REGNFANG
Fragaria virginiana
- gm • ILMBLÁGRESI
Geranium macranthum
- su • POSTULÍNSBLÓM
Sedum spectabile
- lm • PRESTABRÁ
Leucanthemum vulgare
- hj • SILKIBYGG
Helianthus annuus
- ct • VÖLSKUEYRA
Cirsium lanceolatum



Upplýsingar um plöntuval:

Plöntur voru valdar með tilliti til vind- og saltþols ásamt því að þurfa að vera barnvænar og þola þungt snjófarg. Var sérstaklega leitað í garða heimamanna og ráðlegginga þeirra til þess að fá innblástur fyrir "Grundfirskar" tegundir. Haft var í huga nánd við aðliggjandi einkagarða og ekki voru valdar tegundir sem taldar eru dreifa sér úr hófi. Úthagatorf verður sett næst götu til að verja plöntur fyrir akstri og moksturstækjum. Sérstakar plöntur voru settar fyrir frjóbera (býflugur) og með mismunandi blómgunartíma til þess að hafa fjölbreytni sem lengst yfir árið. Farið var eftir hugmyndafræði Piet Oudolf, þar sem plöntur eru raðaðar þétt saman, sum leyft að skriða og yfirtaka svæði, en aðrar ekki. Beðin verða síbreytileg og halda áfram að þróast líkt og villt blómengi. Hæð plantna ræðst af öryggi fyrir gangandi vegfarendur ásamt því að passa upp á sjónlínur á gatnamótum fyrir ökumenn.